

Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2008

Efni: Upplýsingar frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta

Á fundi viðskiptanefndar Alþingis, sem fram fór 20. október 2008, var óskað eftir tilteknum upplýsingum frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Var annars vegar óskað eftir upplýsingum vegna núverandi eigna sjóðsins og hins vegar eftir upplýsingum um hvort að bankar, sparisjóðir og fyrirtæki sem aðild eiga að sjóðnum hefðu greitt í sjóðinn í samræmi við 6. gr. laganna vegna bæði innlendra og erlendra innstæðna.

1. Upplýsingar um eignir Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

Í samræmi við heimild 2. mgr. 4. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta samdi stjórn sjóðsins við fyrirtækið Aska Capital um eftirlit með vörslu sjóðsins.

Samkvæmt upplýsingum Aska Capital frá 30. september 2008 nam markaðsverðmæti fjárvörslusafns sjóðsins samtals kr. 15.003.257.642. Voru þar af kr. 7.747.361.300 í fjárvörslusafni MP fjárfestingarbankans hf., en kr. 7.255.896.342 í fjárvörslusafni Kaupþings hf. Er eignasamsetningu sjóðsins nánar tiltekið háttað með eftirfarandi hætti: 52,4% eru innlend ríkisskuldabréf, ríkisvixlar og innstæður í banka; 42,9% eru erlend skuldabréf og 4,7% eru erlend hlutabréf.

Hefur virðishækkun vegna heildarfjárvörslusafns sjóðsins numið 45,8% frá 3. desember 2006 til 30. júní 2008. Þá hefur heildareign sjóðsins hjá MP fjárfestingarbanka hf. hækkað úr kr. 6.681.231.115 í kr. 7.747.361.298 frá 1. til 30. september 2008. Jafnframt hefur heildareign sjóðsins hjá Kaupþingi hf. hækkað úr kr. 4.278.984.536 í kr. 7.255.896.342 frá 31. desember 2007 til 30. september 2008. Fyrirliggjandi upplýsingar benda ekki til þess að eignir sjóðsins hafi rýrnað vegna núverandi aðstæðna á fjármálamarkaði.

Til upplýsinga skal tekið fram að til skoðunar er að flytja fjármagn sjóðsins til Seðlabanka Íslands.

2. Greiðslur í Tryggingarsjóð samkvæmt 6. gr. laga nr. 98/1999


Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 98/1999 skal heildareign innstæðueildar sjóðsins að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Náí heildareign ekki þessu lágmarki skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir

greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári. Þá er gert ráð fyrir að nýr viðskiptabanki eða sparisjóður greiði sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar til lágmarki 1. mgr. 6. gr. er náð, sbr. 3. mgr. 6. gr. Nái heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs ekki tilskildu lágmarki þrátt fyrir framangreindar inngreiðslur skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hver viðskiptabanki og sparisjóður ábyrgjast að hann muni inna af hendi sérstaka greiðslu til sjóðsins þegar henni ber að endurgreiða innstæður í einhverjum viðskiptabanka eða sparisjóði sem aðild á að sjóðnum.

Sjóðurinn upplýsir hér með að ekki hafa orðið vanefndir á greiðslum viðskiptabanka og sparisjóða samkvæmt ofangreindu. Þá hefur verið greitt bæði vegna innstæðna í bönkum og sparisjóðum hér á landi, svo og vegna innstæðna í erlendum útibúum íslenskra viðskiptabanka.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta



Áslaug Árnadóttir, formaður stjórnar